

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

13. fundur, föstudaginn 31. október, kl. 9:00

í Iðnaðarráðuneytinu, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir. Elín R. Líndal, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorsteinn Tómasson, Helga Barðadóttir (Iðnaðaráðuneytinu), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (Umhverfissráðuneytinu) og Tómas Þór Tómasson, starfsmaður Verkefnisstjórnar, sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Freysteinn Sigurðsson, Guðni Jóhannesson og Kristín Linda Ásgeirsdóttir.

Fundarfrásögn

Faghópar. Formaður lagði fram drög að skipun faghópa.

Formaður dreifði minnisblaði með úrdrætti úr erindisbréfi verkefnisstjórnar 2. áfanga sem mikilvægt verður að hafa til hliðsjónar við vinnu faghópa. Í erindisbréfinu kemur m.a. fram að við matsvinnuna skuli horfa til einstakra „náttúrusvæða“. Nokkuð var rætt um hvernig skilgreina bæri hugtakið „náttúrusvæði“.

Samþykkt var að efna til „seminars“ um háhita fyrir verkefnisstjórn og fulltrúa í faghópum. Stefnt að 28. nóvember.

Formaður bar skipun faghópanna undir fundinn og var tillagan samþykkt samhljóða. Formaður minnti einnig á að faghópar myndu kalla til fleiri aðila og sérfræðinga eftir því sem ástæða þætti til. Talið var rétt að þátttakendur í faghópum fengju erindisbréf.

Loks var rætt um greiðslu til handa þátttakendum í faghópum. Þessi málefni eru enn í vinnslu og mun formaður fylgja þeim eftir. Staðfest var að allur ferðakostnaður vegna vinnu faghópa yrði greiddur.

Starfið fram undan.

a) Kalla skal saman á fund formanna faghópa hið allra fyrsta. Þar skal ráða ráðum um starf hópanna og undirbúa starf þeirra. Eftir hádegi þann 12. nóvember var nefndur sem heppilegur tími.

b) Næsti fundur verkefnisstjórnar verður haldinn 21. nóvember í Reykjavík.

c) Síðasti fundur verkefnisstjórnar á þessu ári verður 12. desember í Reykjavík

d) Formaður mun halda kynningu á Rammaáætlun á aðalfundi Samtaka sveitarstjórna á Suðurlandi sem haldinn verður á Hvolsvelli 20. nóvember.

e) Stefnt er að fundi með Fjórðungssambandi Vestfjarða en ekki hefur fundist heppileg dagsætningu

f) Á næstunni verður fundað í Skagafirði með SUNN, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi.

g) Stefnt er að málþingi um háhita föstudaginn 28. nóvember k.l. 9:00-12:00. Senda skal út tillögu um þessa dagsetningu og biðja verkefnisstjórn og faghópa um staðfestingu á að dagurinn henti.

Fundi var slitið kl. 10:50.